

# Fagráð í hrossarækt

## 103. fundur

Staður og stund: Zoom fundur, fimmtudaginn, 28. apríl 2022. Kl 10.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason, Sveinn Ragnarsson, og Elsa Albertsdóttir.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning.
2. Stofnverndarsjóður
  - Greiðsla samþykktra styrkja
  - Auglýsing nýrra umsókna
3. Birting dómara
4. Sýningargjöld á kynbótasýningum
5. Dagskrá LM
6. Birting keppnisgagna  
Tekið allt út nema WR gögn sportfengur aðgengi
6. Þróun kynbótamats
7. DNA sýni, sýnataka og útflutningur hrossa
8. Annað

1. **Fundarsetning.**  
Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. **Stofnverndarsjóður**

#### *Greiðslur*

Ákveðið var að greiða út samþykka styrki frá því í desember úthlutun 2021 til verkefnanna

- a. Horseday – MOM ehf alls 2.000.000 kr
- b. Litaverkefni (hrossalitir, gagnabanki) - Kristín Halldórsdóttir og Þorberg Þorbergsson (RML), alls 500.000 kr
- c. Hlutlægt mat á holti í íslenska hestinum – Sigríður Björnsdóttir – Helga Gunnarsdóttir

Áður en greiddur verður samþykktur styrkur að upphæð 2.000.000 kr þarf að fara yfir framvinduskýrslu þar um.

- d. Starfsævi Þorkels Bjarnasonar – Eiðfaxi ehf.

Áður en greiddur verður samþykktur styrkur að upphæð 1.000.000 kr þarf að fara yfir framvinduskýrslu þar um.

#### *Auglýsing nýrra umsókna*

Eftir miðjan júní verður óskað eftir nýjum umsóknum í Stofnverndarsjóð

Þá var farið yfir að það er ekki búið að afgreiða í ráðuneytinu umsókn um að geta gengið tímabundið á höfuðstól í úthlutun, einnig þarf að huga að því að innheimt á greiðslum úr ráðuneytinu inn í sjóðinn þarf að komast í betra ferli. Sú staða kom upp að útflytjendur neituðu að greiða 3.500 kr gjaldið af útfluttum hrossum en innheimta þess gjalds til ráðuneytisins hefur dregist.

### 3. Birting dómara

Rætt var um afstöðu fagráðs í að birta dómara á sýningum og ákveðið var að breyta í fyrra horf. Hverjir dæma á sýningum mun því birtast inni í Worldfeng.

### 4. Sýningargjöld kynbótasýninga

Ákveðið hefur að hækka sýningargjöld á kynbótasýningum um 5-7%. Hækkunin er í samræmi við aðrar verðhækkanir í þjóðfélaginu og ljóst er að sýningar alla jafna standa illa eða ekki undir sér fjárhagslega. Gjald fyrir fullnaðardóm fer því úr Hækkun sýningargjalda 29950 í 31350 kr. Þessi hækkun var kynnt fagráði eftir að hún var ákveðin enn fagráð ekki með í ráðum eins og reglur segja til um.

### 5. Dagskrá LM 2022

Rætt var um þau drög sem liggja fyrir að dagskrá LM 2022. Þau gera ráð fyrir að sýning kynbótahrossa, bæði dómar, verðlaunaafhending og sýning afkvæmahesta ljúki á föstudegi viðburðarins. Hápunktur landsmóts er líklegast laugardagur og afstaða fagráðs er sú að kynbótahross eigi einnig að koma fram þar. Lagt er upp með að fá breytingu á dagskrá þannig að verðlaunaafhending stóðhesta og sýningu heiðursverðlaunahesta verði á laugardeginum.

### 6. Birting keppnisgagna

Það hefur legið lengi fyrir að gögn sem koma fyrir og eru vistuð inni í Worldfeng skuli vera ræktunarlegs eðlis enda WF upprunaættbók íslenska hestsins. Þetta er til að mynda einn sá þáttur sem Evrópusambandið gerir kröfur til svo ræktunarbækur fái alþjóðlega samþykkt. Þau keppnisgögn sem munu verða nýtt eru WR sportgögn og sambærilega stöðluð gögn í gæðingakeppni og kappreiðum. Það var því stigið til fulls það skref að taka öll gögn sem uppfylla ekki framangreind skilyrði úr WF en á sama tíma var settur hlekkur inn í Sportfeng sem hýsir öll keppnisgögn.

### 9. Þróun kynbótamats

Kynnta voru nýorðar breytingar á kynbótamati íslenskra hrossa en uppfært kynbótamat var reiknað á dögnum. Viðamikil rannsókn hefur verið unnin á haust og vordögum þar sem kannað var áhrif þess að taka út leiðréttingu fyrir sýningarlandi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að með því yrði röðun hrossa á alþjóðlega vísu breytast til réttara horf en röðun hrossa innan lands mun minna eins og eðlilegt er. Þeir sem komu að rannsókninni er Elsa Albertsdóttir, Heimir Gunnarsson og Þorvaldur Árnason sem sá um alla útreikninga.

### 10. DNA sýni, sýnataka og útflutningur hrossa

Farið var yfir samantekt frá Pétri Halldórssyni um málefnið.

Sýnataka getur verið kostnaðarsöm eins og kerfið er sett upp núna. Rætt var um hvort víkka ætti út þá sem hafa leyfi til að taka DNA sýni líkt og örmerkingarmenn. Þetta myndi líklegast ýta undir að fólk tæki DNA sýni úr sínum hrossum. Enn fremur var

rætt um þá staðreynd að of oft er ætternisskráning útfluttra hrossa röng sem er bagalegt. Bæði faglega séð að verið sé að selja rétta vöru, auk þess flækjustig sem verður þegar leiðrétt þarf hestapassa. Möguleiki er að setja hvata fyrir DNA sýnatöku með því að auka verðmun hestapassa þar sem hross eru A-vottuð (ætternisgreining staðfest með DNA og B-vottuð (ætternisgreining með DNA liggur ekki fyrir). Faglegast og best væri ef öll útflutt hross hefðu staðfest ætterni með DNA greiningu.

## **11. Önnur mál**

Farið var yfir hvernig skráningu á kynbótasýningar vorsins var vel mætt af RML með því að bæta við dómadögum þegar lá fyrir vöntun á plássum. Fagrað óskar eftir upplýsingum um kostnaðargreiningu á sýningargjöldum frá RML.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 13:00

Við pennann: Elsa Albertsdóttir